



Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 27. febrúar 2023

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002 (sérhæfð þekking), 645. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts velferðarnefndar Alþingis frá 13. febrúar þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál.

Frumvarpsdrögin kveða á um breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga í samræmi við áherslur stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að auka svigrúm og skilvirkni við ráðningu erlendra sérfræðinga og að auðvelda íslenskum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum að ráða fólk með sérþekkingu frá löndum utan EES.

Meginmarkmið frumvarpsdraganna er að útvíkka 8. gr. laganna sem í gildandi lögum er bundin við sérþekkingu sem jafna má við háskóla-, iðn-, list- eða tæknimenntun. Undir ákvæðið geti þá einnig fallið störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar sem ekki fellur undir sérfræðiþekkingu í skilningi gildandi laga.

Þegar á heildina er litið er fyrirbyggjandi frumvarp jákvætt skref í þá átt að laða til landsins erlenda sérfræðinga. Að mati SA þarf hins vegar að ganga mun lengra í þessa átt. Mikilvægt er að stjórnvöld greiði enn frekar fyrir ráðningum erlendra starfsmanna með verðmæta þekkingu. Einfalda þarf umsóknarferli og hraða því eftir megni. Oft á tíðum eiga viðkomandi starfsmenn þess kost að ráða sig til fyrirtækja utan Íslands og það mun styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og verðmætasköpun á Íslandi ef mögulegt er að ráða hratt í sérhæfð störf.

Í frumvarpsdrögum er lagt til að ráðherra birti lista yfir sérhæfð störf sem skortur er á hér á landi. SA styðja þá leið sem lögð er til í frumvarpsdrögum en leggja til að Vinnumálastofnun verði jafnframt heimilt að veita atvinnuleyfi vegna sérhæfðrar þekkingar þrátt fyrir að starfið finnist ekki í reglugerð ráðherra. Vinnumarkaðurinn er kvikur og tímabundinn skortur getur myndast á skömmum tíma og hið sama má segja um þarfir atvinnulífsins fyrir sérhæfða þekkingu. Vinnumálastofnun yrði þannig bundin af reglugerð og mati ráðherra en hefði samhliða svigrúm til að meta umsóknir vegna annarra starfa sem krefjast sérþekkingar og ekki eru komin inn á lista ráðherra.

SA telja að einnig hefði verið mögulegt að fara einfaldari leið að breytingunum, eins og t.d. með útvíkkun og breytingum á núgildandi 2. mgr. 8. gr. laganna sem veitir Vinnumálastofnun heimild í undantekningartilvikum til að veita tímabundið atvinnuleyfi ef viðkomandi útlendingur hefur yfir að ráða sérþekkingu sem jafna má við menntun skv. d. lið ákvæðisins.



### *Umsagnarréttur stéttarféлага*

Í frumvarpsdrögum eins og þau lágu fyrir í samráðsgátt stjórnvalda var lögð til sú mikilvæga og tímabæra breyting að afnema skyldu til að leita umsagnar stéttarféлага, sbr. b-lið 1. mgr. 7. gr. laganna, og þess í stað lagt í hendur Vinnumálastofnunar að meta hvenær ástæða er til að leita umsagnar.

Þetta ákvæði var fellt brott úr frumvarpinu fyrir þinglega meðferð. Að mati SA er það miður. Þessi formkrafa um umsagnarrétt stéttarféлага er barn síns tíma og tengist m.a. atvinnuleysisráningu og vinnumiðlun sem var á hendi stéttarfélaganna hér á árum áður. Stéttarfélögin höfðu yfirsýn yfir vinnuafllsskort í einstökum atvinnugreinum en með stofnun Vinnumálastofnunar fór það yfirlit yfir til stjórnvalda. Þekking á kjarasamningum og lágmarkskjörum er einnig til staðar innan Vinnumálastofnunar og því engin þörf á að bera alla ráðningarsamninga undir stéttarfélög, leita má umsagnar þeirra ef stofnunin er í einhverjum vafa. Umsagnarskylda er í dag því einungis tafafarvegur með afar takmarkaða þýðingu fyrir afgreiðslu umsókna um atvinnuleyfi.

### *Nánar um mikilvægi erlendra starfsmanna á vinnumarkaði*

Einkageirinn stóð fyrir 80% fjölgunar starfsfólks á árunum 2014-2019 en Íslendingar sinntu 20% af þeirri fjölgun. Lítil fjölgun innlends starfsfólks kallaði á stórfelldan innflutning erlendra starfsmanna á tímabilinu og var fjölgun háskólamenntaðra mest. Á næstu fjórum árum, árin 2022-2025, mun innlendu fólki á vinnualdri fjölga um 3.000 en störfum mun fjölga um hið minnsta 15.000. Þörf fyrir innflutning erlends starfsfólks verður mikil, a.m.k. 12.000 og langflestir þurfa að hafa háskólamenntun eða aðra sérmenntun sem atvinnulífið þarfnast. Sé gert ráð fyrir aðflutningi 12.000 starfsmanna á næstu fjórum árum má ætla að 80% þeirra muni hefja störf í einkageiranum og 20% hjá opinbera geiranum. Ef horft er til samsetningar aðfluttra starfsmanna á árunum 2015-2019 má ætla að rúmur helmingur verði háskólamenntaður. Árleg þörf á næstu árum fyrir innflutt starfsfólk með háskólamenntun verður því 1.600 manns. Stjórnvöld þurfa að bregðast við þessari þörf og laða starfsfólk með viðeigandi hæfni hingað til lands.

Í frumvarpinu er vísað í könnun Samtaka iðnaðarins frá upphafi árs 2022 sem benti til þess að um 80% fyrirtækja í hugverkaiðnaði hér á landi vanti starfsfólk til þess að viðhalda núverandi starfsemi sinni og 100% svarenda sögðust þurfa á fleira starfsfólki að halda svo möguleiki væri á vexti fyrirtækisins.


Ný könnun SA fyrir menntadag atvinnulífsins undirstrikar þennan vanda. Skortur á mannauði má ekki standa í vegi fyrir framtíðarhagvexti. Samhliða því að laða þarf hingað til lands erlent starfsfólk með viðeigandi hæfni þarf menntakerfið að mæta þörfum atvinnulífsins. Þannig þarf að bjóða upp á samkeppnishæft umhverfi fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem hingað flytjast. Í því skyni má menntakerfið ekki vera takmarkandi þáttur.



## Menntakerfið má ekki vera enn einn flöskuhálsinn

### Mest er vöntun eftir iðn- og háskólamenntuðu starfsfólki

Hlutfall fyrirtækja sem skortir starfsfólk með ákveðna lægni eða menntun (%)



Hemild: Könnun Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins um mannafla og færniþörf á íslenskum vinnumarkað.   
 „Hvers þórar starfsfólk skortir hæst?“

Mynd 1. Úr könnun Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins um mannafla og færniþörf á íslenskum vinnumarkaði.<sup>1</sup>

Brýnt er að stjórnvöld marki heildstæða stefnu til að liðka fyrir ráðningu erlends starfsfólks utan EES svæðisins þannig að brýnni þörf atvinnulífsins á næstu árum verði mætt. Áhrifaríkar aðgerðir í þessum málaflökki munu stuðla að aukinni hagsæld og velferð. Íslensk stjórnvöld ættu að horfa til Kanada þar sem skilningur ríkir um mikilvægi erlendra sérfræðinga í atvinnulífinu. Þar er unnið með virkum hætti að því að afnema hindranir sem eru til staðar í regluverki til þess að gera umhverfið meira aðlaðandi fyrir erlenda sérfræðinga. Þess má geta að í allri Evrópu er sambærilegur skortur á starfsmönnum fyrir hendi. Til þess að íslenskir atvinnurekendur verði ekki eftirbátar annarra Evrópuríkja verður að bregðast við og uppfæra regluverkið þannig að samkeppnishæfni Íslands sé tryggð að þessu leyti.

Aukin atvinnuréttindi útlendinga auðga menningu Íslendinga og hafa jákvæð áhrif á efnahag landsins. Það er mikill ávinningur fólgin í því að lagalegar hindranir sem mæta útlendingum sem kjósa að starfa hérlandis séu skoðaðar heildstætt og að leitað sé allra leiða til að draga úr þeim þar sem það er mögulegt.

Loks taka SA undir umsögn Samtaka iðnaðarins um málið og hvetja til þess að fyrirhugað frumvarp verði að lögum.

### Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Heiðrún Björk Gísladóttir

<sup>1</sup> Sjá nánar: [https://samtok-atvinnulifsins.cdn.prismic.io/samtok-atvinnulifsins/ae90f705-10df-4d2a-98da-925d54d17283\\_2023-menntadagur-atvinnulifsins-faernithorf-a-vinumarkadi.pdf](https://samtok-atvinnulifsins.cdn.prismic.io/samtok-atvinnulifsins/ae90f705-10df-4d2a-98da-925d54d17283_2023-menntadagur-atvinnulifsins-faernithorf-a-vinumarkadi.pdf)